

Hagar hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar
1. mars til 31. ágúst 2018

Hagar hf.
Hagasmára 1
201 Kópavogur

Kt. 670203-2120

Efnisyfirlit

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Haga hf. er verslunarfyrtæki með starfsemi á Íslandi.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2018 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 1.436 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 30.424 millj. kr. Eigið fé í lok tímabilsins nam 18.264 millj. kr. og var eiginfjárlutfall 60%.

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.172 millj.kr. en félagið á eigin hluti að nafnverði 69 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 843 í byrjun tímabilsins og 752 í lok þess.

Þann 11. september 2018 undirritaði Haga hf. sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupa Haga hf. á öllu hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. en kaupsamningur var undirritaður í apríl 2017. Samruninn kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en skilyrði fyrir sölu eigna hafa verið uppfyllt og Samkeppniseftirlitið hefur metið hæfi kaupenda eignanna. Vonir standa til að hæfismati verði lokið í síðasta lagi um miðjan nóvember. Öðrum fyrirvörum hefur verið aflétt. Nánari upplýsingar um viðskiptin má finna í skýringu 15.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2018, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2018 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Kópavogi, 29. október 2018

Stjórn:

Kristín Friðgeirsdóttir

Erna Gísladóttir

Davíð Harðarson

Sigurður Arnar Sigurðsson

Stefán Árni Auðólfsson

Forstjóri:

Finnur Árnason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Haga hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning samstæðu Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2018. Samandregni árs hlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 29. október 2018

PricewaterhouseCoopers ehf.

Bryndís Björk Guðjónsdóttir

Vignir Rafn Gíslason

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. mars til 31. ágúst 2018

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri árshelmingur	
		2018	2017	2018	2017
		1.6.-31.8. *	1.6.-31.8. *	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Vörusala		19.142	18.121	37.734	37.169
Kostnaðarverð seldra vara		(14.579)	(13.660)	(28.579)	(27.972)
Framlegð		4.563	4.461	9.155	9.197
Aðrar rekstrartekjur		50	49	106	103
Laun og launatengd gjöld		(1.951)	(1.955)	(4.005)	(3.998)
Annar rekstrarkostnaður		(1.479)	(1.454)	(2.880)	(2.924)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.183	1.101	2.376	2.378
Afskriftir	7	(256)	(231)	(505)	(456)
Rekstrarhagnaður		927	870	1.871	1.922
Fjármunatekjur		7	39	21	93
Fjármagnsgjöld		(49)	(56)	(97)	(120)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(42)	(17)	(76)	(27)
Áhrif hlutdeildarféлага		0	0	0	20
Hagnaður fyrir tekjuskatt		885	853	1.795	1.915
Tekjuskattur		(177)	(171)	(359)	(383)
Heildarhagnaður tímabilsins		708	682	1.436	1.532
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,64	0,59	1,30	1,33

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

Efnahagsreikningur 31. ágúst 2018

	Skýr.	31.8.2018	28.2.2018
Eignir			
Rekstrarfjármunir		10.682	10.733
Fjárfestingarfasteignir		1.514	1.530
Óefnislegar eignir		8.041	8.101
Fastafjármunir samtals		20.237	20.364
Vörubirgðir	9	4.569	4.574
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		965	678
Viðskiptakröfur - greiðslukortakröfur		4.299	3.546
Handbært fé		354	222
Veltufjármunir samtals		10.187	9.020
Eignir samtals		30.424	29.384
Eigið fé			
Hlutfé		1.103	1.103
Lögbundinn varasjóður		276	239
Bundinn hlutdeildarreikningur	10	4.472	3.664
Óráðstafað eigið fé		12.413	12.951
Eigið fé samtals		18.264	17.957
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	11	1.832	2.217
Tekjuskattsskuldbinding		718	718
Langtímaskuldir samtals		2.550	2.935
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	11	773	771
Skuldir við lánastofnanir		1.100	0
Tekjuskattur til greiðslu		272	379
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	7.091	6.897
Skuldbindingar		374	445
Skammtímaskuldir samtals		9.610	8.492
Skuldir samtals		12.160	11.427
Eigið fé og skuldir samtals		30.424	29.384

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit

1. mars til 31. ágúst 2018

Skýr.	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2017						
Eigið fé 1. mars 2017	1.153	291	0	3.893	12.075	17.412
Heildarhagnaður tímabilsins					1.532	1.532
Endurkaup á eigin bréfum	(8)	(290)				(298)
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning	10			(1.206)	1.206	0
Eigið fé 31. ágúst 2017	<u>1.145</u>	<u>1</u>	<u>0</u>	<u>2.687</u>	<u>14.813</u>	<u>18.646</u>
Breytingar á eigin fé 1. mars til 31. ágúst 2018						
Eigið fé 1. mars 2018	1.103	0	239	3.664	12.951	17.957
Heildarhagnaður tímabilsins					1.436	1.436
Tillag í varasjóð			37		(37)	0
Greiddur arður, 1,024 kr. á hlut					(1.129)	(1.129)
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning	10			808	(808)	0
Eigið fé 31. ágúst 2018	<u>1.103</u>	<u>0</u>	<u>276</u>	<u>4.472</u>	<u>12.413</u>	<u>18.264</u>

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit

1. mars til 31. ágúst 2018

	Skýr.	Annar ársfjórðungur		Fyrri ársþelmingur	
		2018 1.6.-31.8. *	2017 1.6.-31.8. *	2018 1.3.-31.8.	2017 1.3.-31.8.
Rekstrarhreyfingar					
Hagnaður tímabilsins		708	682	1.436	1.532
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Söluhagnaður rekstrarfjármuna		0	(1)	(1)	(2)
Afskriftir	7	256	231	505	456
Hrein fjármagnsgjöld	8	42	17	76	27
Áhrif hlutdeildarféлага		0	0	0	(20)
Tekjuskattur		177	171	359	383
Veltufé frá rekstri		1.183	1.100	2.375	2.376
Breytingar á rekstartengdum eignum		(216)	(171)	(1.034)	(228)
Breytingar á rekstartengdum skuldum		781	(466)	1.223	(334)
Handbært fé fyrir vexti og tekjuskatt		1.748	463	2.564	1.814
Innheimtar vaxtatekjur		8	42	20	83
Greidd vaxtagjöld		(50)	(56)	(95)	(116)
Greiddur tekjuskattur		(233)	(243)	(466)	(485)
Handbært fé frá rekstri		1.473	206	2.023	1.296
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í fasteignum		79	(1)	(42)	(75)
Fjárfesting í áhöldum og innréttingum		(248)	(546)	(393)	(765)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(6)	(39)	43	(125)
Söluverð áhalda og innréttinga		5	31	15	35
Söluverð eignarhluta		0	0	0	9
Framlag frá hlutdeildarfélagi		0	0	0	20
Fjárfestingarhreyfingar		(170)	(555)	(377)	(901)
Fjármögnunarahreyfingar					
Afborganir vaxtaberandi skulda		(193)	(192)	(385)	(383)
Greiddur arður		(1.129)	0	(1.129)	0
Keypt eigin bréf		0	(298)	0	(298)
Fjármögnunarahreyfingar		(1.322)	(490)	(1.514)	(681)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(19)	(839)	132	(286)
Handbært fé í upphafi tímabils		373	3.027	222	2.474
Handbært fé í lok tímabils		354	2.188	354	2.188
Fjárfestingar og fjármögnunarahreyfingar án greiðsluáhrifa					
Fjárfesting í fasteignum		0	(85)	0	(85)
Yfirteknar skuldir við kaup á félagi		0	85	0	85

Skýringar á blaðsíðum 9 til 12 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

* Ekki kannað

Skýringar

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Hagasmára 1, Kópavogi. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2018 til 31. ágúst 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2018.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 29. október 2018.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið sem lauk í febrúar 2018. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is sem og á vef Kauphallar Íslands, www.nasdaqomxnordic.com.

Í upphafi árs tóku gildi tveir nýjir reikningsskilastaðlar: IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum.

IFRS 9 Fjármálagerningar tilgreinir hvernig flokkun, mat og afskráningu fjáreigna og fjárskulda skuli vera háttáð auk þess að setja nýjar reglur um áhættuvarnarreikningsskil og setja fram nýtt líkan fyrir virðisrýrnun fjáreigna. Í reikningsskilum samstæðunnar eru helstu fjármálagerningar viðskiptakröfur, sjóður og bankainnstæður og skuldir allar færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Nýi staðallinn hefur ekki áhrif á meðferð þessara fjármálagerna hjá samstæðunni.

IFRS 15 nær til sölu á vörum og þjónustu og byggir á þeirri grundvallarreglu að tekjur séu færðar þegar yfirráð yfir vöru eða þjónustu flyt til viðskiptavina. Hjá samstæðunni hafa tekjur verið færðar þegar viðskiptavinur hefur fengið vöru til umráða eða þegar þjónusta hefur verið innt af hendi. Nýr staðall breytir því ekki færslu tekna hjá samstæðunni.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

5. Starfspáttayfirlit

Starfsemi samstæðunnar er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur hafa metið smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits.

6. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 31. ágúst 2018 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

Skýringar, frh.:

7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2018	2017
	1.3.-31.8.	1.3.-31.8.
Afskrift rekstrarfjármuna	472	429
Afskriftir fjárfestingaeigna	16	16
Afskrift óefnislegra eigna	17	11
Afskriftir samtals	<u>505</u>	<u>456</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	21	93
Vaxtagjöld og verðbætur	(97)	(120)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(76)</u>	<u>(27)</u>

9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

	31.8.2018	28.2.2018
Matvara	3.516	3.583
Sérvara	667	709
Vörur í flutningi	386	282
Vörubirgðir samtals	<u>4.569</u>	<u>4.574</u>
Niðurfærsla birgða í lok tímabils	23	70

10. Bundið eigið fé

Samkvæmt lögum nr. 3/2006 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarféлага, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttækinn arð eða þann arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár.

11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	Eftirstöðvar
	31.8.2018	28.2.2018	31.8.2018	28.2.2018
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	5,45%	5,45%	2.502	2.872
Skuldir í ISK, verðtryggðar	10,50%	10,50%	103	116
Langtímaskuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			2.605	2.988
Næsta árs afborganir langtímaskulda			(773)	(771)
Langtímaskuldir samtals			<u>1.832</u>	<u>2.217</u>

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2018/19	773	771
Afborganir 2019/20	1.801	2.168
Afborganir 2020/21	31	49
Samtals	<u>2.605</u>	<u>2.988</u>

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu virði þeirra.

Skýringar, frh.:

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	31.8.2018	28.2.2018
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:		
Viðskiptaskuldir	5.718	5.232
Aðrar skammtímaskuldir	1.373	1.665
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>7.091</u>	<u>6.897</u>

13. Félög í samstæðu

Dótturfélög félagsins í lok tímabilsins voru fjögur. Dótturfélögin í samstæðuárshlutareikningnum eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		31.8.2018	28.2.2018
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%	100%
Bananar ehf.	Ísland	100%	100%
Ferskar kjötvörur ehf.	Ísland	100%	100%
Noron ehf.	Ísland	100%	100%

Hlutir móðurfélagsins í ofangreindum dótturfélögum eru veðsettir vegna vaxtaberandi skulda.

14. Kennitölur

Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi:

Efnahagsreikningur:	31.8.2018	28.2.2018
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	1,06	1,06
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildareignir	60,0%	61,1%
Innra virði hlutfjár	16,56	16,28

15. Kaup Haga hf. á Olíuverzlun Íslands hf. og fasteignafélaginu DVG ehf. samþykkt af Samkeppniseftirlitinu

Þann 26. apríl 2017 tilkynntu Hagar um undirritun kaupsamnings um kaup á öllu hlutafé í Olíuverzlun Íslands hf. og fasteignafélaginu DGV ehf. Kaupsamningarnir voru undirritaðir með fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar, samþykki hluthafafundar fyrir aukningu hlutfjár og samþykki Samkeppniseftirlitsins. Hluthafafundur samþykkti aukningu hlutfjár á aðalfundi Haga þann 7. júní 2017 og var fyrirvara um niðurstöður áreiðanleikakönnunar aflétt þann 13. júlí 2017. Samkeppniseftirlitið samþykkti samrunann með skilyrðum þann 11. september 2018. Samruninn verður þó ekki framkvæmdur fyrir en skilyrði fyrir sölu eigna hafa verið uppfyllt og Samkeppniseftirlitið hefur metið hæfi kaupenda eignanna. Vonir standa til að hæfismati verði lokið í síðasta lagi um miðjan nóvember næstkomandi.

Í samkomulagi Haga, Olíuverzlunar Íslands og DGV fasteignafélags er heildarvirði Olís 16.082 millj. kr. og nettó vaxtaberandi skuldir 5.928 millj. kr. Kaupverð hlutfjár er því 10.154 millj. kr. Heildarvirði DGV er 1.040 millj. kr. en vaxtaberandi skuldir eru 640 millj. kr. Kaupverð hlutfjár DGV er því 400 millj. kr. og heildarkaupverð viðskiptanna 10.554 millj. kr. EBITDA Olís rekstrarárið 2017 var um 2.300 millj. kr. og nettó vaxtaberandi skuldir voru 5.036 millj. kr í lok árs 2017. Kaupverð verður greitt annars vegar með afhendingu á 111 milljón hlutum í Högum og hins vegar með reiðufé. Hagar eiga eigin hluti að nafnverði kr. 69.168.349 og hefur stjórn félagsins samþykkt að hækka hlutafé um 41.831.651 krónur að nafnverði, sbr. 2. gr. í samþykktum félagsins. Við útreikning á kaupverði er miðað við gengi Haga 47,5. Sá hluti kaupverðsins sem greiddur er með reiðufé er fjármagnaður til næstu 12 mánaða með lánsamningi við Arion banka. Samningurinn er á sömu kjörum og með sambærilegum skilyrðum og langtímalán félagsins eru í dag.

Skýringar, frh.:

15. Kaup Haga hf . á Oliuverslun Íslands hf. og fasteignafélaginu DVG ehf. samþykkt af Samkeppniseftirlitinu, frh:

Í framhaldi af samrunanum verður unnið að því að endurskipuleggja fjármagnsskipan Haga með það að markmiði að hámarka nýtingu eigna og straumínulaga rekstur. Ráðgjafar kaupanda gera ráð fyrir að samlegðaráhrif nemi um 600 millj. kr. á ársgrundvelli, eða um 3% af samanlögðum rekstrarkostnaði hinna sameinuðu félaga. Hlutfall nettó vaxtaberandi skulda félaganna á móti EBITDA verður um 2,0. Ráðgjafar kaupanda í viðskiptunum voru Arctica Finance og Landslög.

Kostnaður tengdur kaupunum, sem þegar hefur fallið til og gjaldfærður er í rekstarreikningi, nemur 53 millj. kr. á tímabilinu og hefur í heild numið 139 millj. kr.